



Umhverfis- og samgögnunefnd

Reykjavík, 3. maí 2024

sent í umsagnagátt Alþingis

Efni: Frumvarp um Loftslags- og orkusjóð, 942. mál

Samtök atvinnulífsins (SA, samtökin) vísa til tölvubréfs umhverfis- og samgögnunefndar frá 19. apríl sl. þar sem umsagnar samtakanna var óskað um ofangreint frumvarp. Drög að frumvarpinu voru birt á samráðsgátt stjórnvalda 5. mars 2024 (mál nr. S-69/2024) og skiluðu samtökin þá umsögn um drögin. Frumvarpið er óbreytt frá drögnum sem kynnt voru á samráðsgátt stjórnvalda.

Með frumvarpinu er lögð til breyting á lögum um Orkusjóð nr. 76/2020 og lögum um loftslagsmál nr. 70/2012 sem fela í sér að tveir sjóðir sem heyra undir umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytið: Orkusjóður og Loftslagssjóður, verði sameinaðir. Samtökin fagna þeim breytingum sem frumvarpið boðar og telja að þær séu mikilvægar í þágu hagræðingar og aukinnar skilvirkni.

SA hafa talað fyrir tækifærum til sameiningar ríkisstofnana og sjóða um langt skeið. Minni tvíverknaður og skörun verkefna leiðir til betri nýtingar á því takmarkaða fé sem er til umráða.¹ Með sameiningu má draga úr yfirbyggingu og rekstrarkostnaði þannig að fjármagn nýtist sem best til þess að styðja við orkuskipti og nýsköpun á sviði loftslagsmála. Samtökin fagna jafnframt að markvisst sé unnið að sameiningu og endurskoðun sjóða umhverfis með það að leiðarljósi að draga úr umsýslukostnaði.

Í ljósi framangreinds styðja samtökin að frumvarpið nái fram að ganga og verði samþykkt sem lög frá Alþingi.

Virðingarfyllst,

f.h. Samtaka atvinnulífsins

Sigurður Helgason

¹ Má um þetta t.a.m. vísa til umsagnar samtakanna um frumvarp til laga um niðurfellingu laga nr. 81/1997, um Stofnun Vilhjálms Stefánssonar og samvinnunefnd um málefni norðurslóða með síðari breytingum og umsagnar samtakanna um frumvarp til laga um Nýsköpunarsjóðinn Kríu, mál nr. S-17/2024.